

Nd.

209. Frumvarp til laga

um tilraunastöð Háskólans í meinafræði.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjár sjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, og skal hún lita læknadeild Háskólans.

2. gr.

Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar Háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

3. gr.

Við stofnunina starfi 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera efnafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknadeildar.

4. gr.

Forstöðumaður og fyrsti aðstoðarmaður taka laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar Háskólans og tilraunaráðs búfjárræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Um lagningu vegar að tilraunastöðinni á Keldum frá þjóðveginum um Mosfellssveit gilda ákvæði IV. kafla vegalaga, nr. 101 1933.

7. gr.

Ákvæði laga nr. 64 7. maí 1940 gilda ekki um stofnun þessa. Lög nr. 86 10. okt. 1946 eru úr gildi numin.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að heiðni Háskóla Íslands. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja við það breytingartillögur eða að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma við það.

Fylgir hér með sem fylgiskjal bréf rektors Háskólans til nefndarinnar ásamt skýringum hans á frv.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 13. nóv. 1946.

Hinn 4. júní s. l. gaf forseti Íslands eftir tillögum landbúnaðarráðherra út bráðabirgðalög um tilraunastöð á Keldum. Bráðabirgðalög þessi voru síðan lögð fyrir Alþingi, en breytt á ýmsa lund í meðförum Alþingis, og voru þau þannig breytt staðfest af forseta Íslands sem lög um rannsóknarstofnun háskólans í búfjármeinafræði, nr. 86 10. okt. 1946.

Breytingar þær, sem gerðar voru á bráðabirgðalögunum, voru ekki bornar undir háskólaráð né læknaeild Háskólans, og telja þessir aðilar, að ýmsar þeirra þurfi endurskoðunar við. Leyfi ég mér því að senda hinni heiðruðu menntamálanefnd neðri deildar meðfylgjandi frumvarp til laga um tilraunastöð Háskólans í meinafræði, með þeim tilmælum, að nefndin taki frumvarpið að sér til flutnings á Alþingi. Er frumvarpinu ætlað að koma í stað áður nefndra laga, og mun ég hér stuttlega greina frá því, um hvað frumvarpið er ólíkt lögnum.

Um fyrirsögn frumvarpsins.

Stofnunin hafði áður hlotið nafnið Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, og var það nafn valið til samræmis við orð gjafabréfs Rockefellerssjóðsins, er gaf fé til byggingar „Institute for Experimental Pathology“. Verður ekki séð, að nein ástæða sé til þess að breyta þeirri nafngift. Tilraunastöð þessi verður útbúin með talsvert öðrum hætti en aðrar vinnustofur hér á landi, bæði að áhöldum, skilyrðum til dýrauppeldis o. fl. Það er þess vegna ekki óhugsandi, að henni yrðu auk búfjárjúkdóma fengin önnur verkefni til rannsókna, sem hún væri öðrum betur fær um að leysa af hendi, og er því óheppilegt að takmarka starfssvið hennar við rannsóknir búfjárjúkdóma einna. Er því orðið „meinafræði“ tekið í nafn hennar í stað „búfjármeinafræði“.

Um 1. og 2. gr.

Greinar þessar fela í sér þá breytingu eina, að hið eldra heiti stofnunarinnar er tekið upp á ný í samræmi við fyrirsögn laganna.

Um 3. gr.

Sankv. orðum 3. gr. laganna eru aðrir sérfræðingar við stofnunina en forstöðumaður ekki fastráðnir starfsmenn, heldur ráðnir „eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni“, m. ö. o. frá ári til árs. Slíkt væri að sjálfsögðu algerlega óviðunandi, og mundi reynast gersamlega ókleift að fá hæfa menn til þessara starfa upp á þau býti. Er þetta fyrirkomulag og í ósamræmi við það, er tíðkast við hliðstæðar stofnanir hér á landi. Í frumvarpinu er þessu breytt og tala sérfræðinganna jafnframt ákveðin. Er það sama talan og gert var ráð fyrir frá upphafi, t. d. í áætlun þeirri, er ríkisstjórn Íslands sendi stjórn Rockefellerssjóðsins í nóvember 1944 og sjóðurinn lagði til grundvallar ákvörðun sinni um gjöfina.

Þá er í 3. gr. frumvarpsins enn fremur ákveðið, að forstöðumaður eigi sæti og atkvæðisrétt á fundum læknaeildar. Er það að sjálfsögðu æskilegt, að stofnunin sjálf eigi fulltrúa í háskóladeild þeirri, er hún lýtur.

Um 4. gr.

Hér er um þá breytingu eina að ræða, að 1. aðstoðarmaður taki laun í 5. launaflokki. Er þetta gert með tilliti til þess, að maður sá, sem ráðgert er að taki við stöðu þessari, hefur nú laun af almannafé, er samsvara launum þessa launaflokks.

Um 5. gr.

Grein þessi er að efni samhljóða 5. gr. l. nr. 86 10. okt. 1946.

Um 6. gr.

Ákvæði greinar þessarar voru tekin upp í bráðabirgðalögin, en fyrir einhverja óaðgætni hafði þeim verið sleppt, er bráðabirgðalögin voru lögð fyrir Alþingi. Byrjað var á vegagerðinni samkvæmt heimild bráðabirgðalaganna, og hefur það komið sér illa, að þessi heimild féll niður áður henni væri lokið.

Um 7. gr.

Í l. nr. 64 7. maí 1940 eru engin ákvæði, er eiga við stofnun þessa eina, en hins vegar mörg ákvæði, sem bæði mundu gilda um hana, ef annað væri eigi ákveðið, og jafnframt um ýmsar stofnanir aðrar. Er að sjálfsögðu ástæðulaust að nema þau úr gildi nema að svo miklu leyti sem þau taka til þessarar stofnunar.

Ólafur Lárusson,
rektor.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.